



## Langaneshafnir

### Áætlun Langaneshafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa

Langaneshafnir sem reknar eru af Langanesbyggð fylgir skilvirkri og ábyrgri stefnu um móttöku á úrgangi. Áætlun þessi er unnin í samræmi við reglugerð nr. 1200/ 2014, um öll íslensk skip og um öll önnur skip sem koma í Langaneshafnir, að undanskildum erlendum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.

Langaneshafnir samanstanda af tveimur höfnum, Þórshafnarhöfn og Bakkafjarðarhöfn.

Þórshafnarhöfn er meðalstór fiskihöfn, sem er í grunnneti samgangna samkvæmt gildandi samgönguáætlun. Meginhluti skipa, sem kemur til hafnarinnar eru fiskiskip, trillur, og stærri fiskiskip. Flest stærri skipanna eru svokölluð fjölveiðiskip, enda er megin vinnsla sjávarafla á Þórhöfn byggð upp í tengslum við uppsjávarfiska, síld, makríl, kolmuna og loðnu. Önnur skip sem koma eru flutningaskip sem eru að sækja frosnar sjávarafurðir, fiskimjöl eða lýsi. Ennfremur koma hér olíuskip með olíu til olíubirgðastöðvar Olíudreifingar, sem er á hafnarsvæðinu. Lítið er um aðra fraktflutninga, þó þeir séu ávallt einhverjir. Innsigling hafnarinnar hefur verið lagfærð verulega á umliðnum árum og er innsiglingin með 9 m dýpi miðað við stórstraumsfjöru. Aðalviðlegukantarnir eru þrír, sem eru Löndunarbryggja, sem er um 100 m langur. Við hana er 8,5-9 m dýpi. Hafskipabryggja, sem er um 100 m löng með um 8-9 m dýpi. Svo er Nýjabryggja, sem er um 160 m löng og við hana er um 8-9 m dýpi. Auk þessa er góð aðstaða fyrir smábáta, sem er innra svæði nýjubryggju og svo 40 m löng flotbryggja sem er innst í höfninni. Uppistaða flutninga um höfnina er því sjávarfang og unnar vörur úr sjávarfangi ásamt olíu og öðrum flutningum, sem eru í minna mæli.

Sorp er sett í þar til gerð ílát, sem staðsett eru á tilteknum stöðum á hafnarsvæðinu. Við flotbryggju er 1.100 L sorpílát ætlað þeim bátum er liggja við smábátaaðstöðu innan hafnarinnar. Við nýjubryggju er 17 M<sup>3</sup> sorpgámur og svo er 17 M<sup>3</sup> sorpgámur við löndunarbryggju. Brúsagrind og spilliefnakar er fært eftir þörfum þar sem þörf er á. Pappi, plast og annað sem ekki má urða er tekið handvirkt frá og skilað á gámaplan Langanesbyggðar, til frekari úrvinnslu. Stærri sorpgámunum er aðgangsstýrt með lásnum og eru lyklum úthlutað til þeirra skipa sem eru í áskrift að sorpgámum. Sjá má staðsetningu sorpíláta á korti.

Bakkafjarðarhöfn er fremur lítil höfn þar sem stærri skip komast ekki inn í höfnina. Frá Bakkafjarðarhöfn gera nokkrir smærri fiskibáatar út og er höfnin þess vegna smábátahöfn í einhverjum skilningi. Þá eru reknar þrjár smærri fiskverkanir á Bakkafirði. Við höfnina er sorpgámur frá Íslenska gámafélaginu og er hann 17 m<sup>3</sup>. Er sá gámur aðgangsstýrður og þurfa útgerðir að hafa samband við hafnarvörð til að fá aðgang að honum. Þá eru tvær sorptunnur um 1.1 m<sup>3</sup> hvor, einnig frá Íslenska gámafélaginu. Þá er úrgangsolíutankur við höfnina sem rúmar um 1000 L og er hann tæmdur eftir þörfum og óskum hafnarvarðar. Þá er ílát ætlað olíusmituðum úrgangi, s.s. smursíum og öðru líku. Plast, pappi og annar úrgangur sem ekki má urða er tekinn frá og komið sérstaklega á gámaplan. Úrgangur til móttöku og meðhöndlunar á Bakkafjarðarhöfn er um 20 m<sup>3</sup> á ári og má sjá staðsetningu sorpíláta á meðfylgjandi korti.

Grundvöllur áætlunarinnar er í samræmi við eftirfarandi lög og reglugerðir



## Langaneshafnir

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum.

Lög nr. 55/2003 um meðhöfnun úrgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Langaneshafnir taka við beiðnum skipsstjóra um móttöku á úrgangi og gerir viðeigandi ráðstafanir um móttöku hans og förgun, enda hafi ósk um þessa þjónustu verið komið á framfæri með 24 klukkustunda fyrirvara. Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

1. Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarrikisefirlits). Gjald fyrir þjónustu þessa nemur þeim kostnaði sem móttaka úrgangsins og förgun hefur í för með sér. Í því sambandi vísast til gjaldskrár hafnarinnar og gjaldskrár fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Langaneshafnir, sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni Inb.is.

Sveitarfélagið Langaneshafnir, fyrirtæki og stofnanir á þess vegum er með samning við Íslenska gámafélagið um hirðingu, förgun og alla þjónustu með sorph og úrgang.

Magn sorps, sem tekið er á móti á höfninni frá tilkynningarskildum skipum 2017. (Í gegnum Safeseanet tilkynningar)

Matarúrgangur 1,55 m<sup>3</sup>

Plastúrgangur 5,15 m<sup>3</sup>

Almennt sorph og farmleifar 16,56 m<sup>3</sup>

Samtals magn sorps sem skilað er til hafnanna er:

Almennt sorph 65 m<sup>3</sup>

Mengað plast olíubrúsar o.þh. 6 m<sup>3</sup>

Pappi og annað endurvinnanlegt 8 m<sup>3</sup>

Úrgangsolía 22 m<sup>3</sup>

Gjaldskrá Langaneshafna má finna á heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni Inb.is Varðandi afhendingu á úrgangsolíu og spilliefnum, sem afhent eru beint til Olíudreifingar og er kostnaður eftir gjaldskrá Olíudreifingar. Olíudreifing hefur einn tank á hvorri höfn til að taka á móti úrgangsolíu og tekur meira magn beint úr skipum með olíubíl. Spilliefni má þó afhenda beint til hafnarvarðar, sem sér um að koma þeim til förgunar hjá Íslenska gámafélaginu eða Olíudreifingu eftir atvikum og ástæðum.



## Langaneshafnir

2. Ísfélag Vestmannaeyja á Þórshöfn ( ÍV ) er það útgerðarfélag sem er með hvað mesta starfsemi við Langaneshafnir. ÍV er með sorpgáma og sorpgám við löndunarbryggju og sér um að koma úrgangi í hann eftir þörfum frá eigin vinnslu.
3. Skip í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu hjá Langaneshöfnum geta skilað af sér sorpi og öðrum úrgangi til hafnarvarða, sem sjá um að koma því til förgunar. Tekið er gjald eftir gjaldskrá hafnarinnar sem er á heimasíðu sveitarfélagsins, Inb.is.
4. Tilkynningar frá skipum um skil á úrgangi skulu staðfestar með áritun séu þær í samræmi við skilað magn úrgangs. Ef skilað magn úrgangs er umfram það sem kemur fram í tilkynningu frá skipi skal gerð ný skilagrein/móttökutilkynning fyrir mótttekið magn. Þegar tilkynning frá skipum hefur verið móttekin og staðfest er hún skráð inn í skilaform Umhverfisstofnunar þar sem haldið er utan um mótttekið magn. Upplýsingunum er síðan skilað til Umhverfisstofnunar í upphafi hvers árs fyrir liðið ár.
5. Umboðsmenn skipa sem falla ekki undir 2. tl. skulu ábyrgast að viðkomandi skip skili úrgangi til viðurkenndrar móttökustöðvar og sjá til þess að upplýsingar um magn úrgangs sem tekið hefur verið á land skili sér til hafnarvarðar Þórshafnarhafnar eigi síðar en við brottför skips.
6. Skipstjóri annarra skipa en getið er um í 2. og 3. tl. ber ábyrgð á því að úrgangi frá skipinu sé skilað í móttökuaðstöðu áður en látið er úr höfn og að upplýsingum um magn móttækis úrgangs sé skilað til Þórshafnarhafnar.
7. Olíuúrgangi og hættulegum efnum skulu öll skip undantekningalaust skila til viðurkennds móttökuaðila og ber skipstjóri skips ábyrgð á því að svo sé gert. Ef um mikið magn er að ræða skal skipstjóri óska eftir aðstoð viðurkenndra verktaka. Í þeim tilvikum skulu Langaneshafnir skila yfirliti yfir það magn olíuúrgangs sem losað er til förgunar.
8. Hafnarverðir leiðbeina skipsstjórum um þá þjónustu sem óskað er eftir. Langaneshafnir fela fyrirtækjum eða þjónustuaðilum að sjá um móttöku á úrgangi frá skipum í þeim tilvikum sem þarf og óskað er eftir. Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar ber ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmleifar í skipum, sé fyllt út með réttum upplýsingum og að koma því til hafnarvarða, ef honum ber að gera svo samkvæmt ofantöldu.

Eins og kveðið er á í reglugerð nr. 1200/2014 mun Þórshafnarhöfn leitast við að eftirfarandi upplýsingar séu ávallt aðgengilegar fyrir notendur hafnarinnar:

- Stutt tilvísun í grundvallarþýðingu réttar afhendingar úrgangs frá skipum og farmleifa.
- Staðsetning á móttökuaðstöðu hvers skipalægis með teikningu/korti
- Skrá yfir tengiliði, rekstraraðila og þá þjónustu sem er í boði
- Lýsing á starfsaðferðum við afhendingu
- Lýsing á gjaldtöku
- Málsmæðferð við skýrslugjöf um vanbúnað í móttökuaðstöðu hafnarinnar.

Upplýsingar þessum verður komið á framfæri í gegnum heimasíðu Langanesbyggðar, Inb.is og með stöðugu samráði við notendur hafna, sem leitast er við að hafa. Notendum hafna er



## Langaneshafnir

einnig bent á að óska eftir upplýsingum hjá yfirhafnarverði á hverjum tíma í síma 862-5198 eða á tölvupóstfangi hofn@langanesbyggd.is

9. Þörf á aðstöðu fyrir móttöku á úrgangi hjá Langaneshöfnum er metin út frá reynslu og aðstaða í samræmi við þær þarfir sem þekktar eru. Þjónusta við skip og útgerðir er í höndum hafnarstarfsmanna eftir því sem við á, en annars í höndum eigenda skipa og farmflytjenda. Stuðst er við þjónustu viðurkenndra móttöku- og förgunaraðila á úrgangi.

10. Eftirtaldir þjónustuaðilar sjá um móttöku á úrgangi á starfsvæði Þórshafnarhafnar.:

Íslenska gámafélagið.  
Þórshafnarhöfn  
Olíudreifing ehf.

sími 577-5757  
sími 862-5198  
sími 550-9900

11. Úrgangi er skipt upp í fimm meginflokka. Úrgangsflokkar eru byggðir á þeim flokkum sem skilgreindir eru í viðauka MARPOL-samningsins. Flokkunin, aðferðir við móttöku, ráðstöfun og fyrirkomulag greiðslna koma fram í sérstöku fylgiblaði - Úrgangsflokkar.

12. "Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra (á þar til gerðu eyðublaði ef það er til staðar) á netfangið ..... Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

(<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>)

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunna:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

13. Til samræmis við kröfur í reglugerð nr. 1200/2014 um málsmeðferðarreglur er sá háttur hafður á að hafnaryfirvöld (hafnarvörður) hefur stöðugt samráð um meðferð þessara mála við notendur og þjónustuaðila hafnarinnar á hverjum tíma.

14. Áætlun þessi skal endurskoðast á þriggja ára fresti til samræmis við reglugerð nr. 1200/2014 og/eða ef meiriháttar breytingar eru gerðar á rekstri hafnarinnar. Næsta endurskoðun áætlunarinnar fer því fram eigi síðar en árið 2019.

15. Hafnarstjóri/Yfirhafnarvörður bera ábyrgð á fyrirkomulagi móttöku úrgangs og farmleifa hjá Langaneshöfnum. Hafnarverðir annast daglegan rekstur móttökunnar og annast samskipti við skipstjóra og eigendur eða umboðsmenn skipa.

Þórshöfn: 01.11.2022

**Björn S. Lárusson**  
Hafnarstjóri